

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 13. janúar 2022

Mál nr. S-365/2021:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Friðrik Smáráson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember síðastliðinn, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, útgefinni 31. ágúst síðastliðinn, á hendur X, kennitala [...], [...], Akureyri, „fyrir líkamsárás, hótanir og barnaverndarlagabrot, með því að hafa mánudaginn 31. ágúst 2020, ráðist að barninu Y, kt. [...], þar sem barnið var á göngu eftir [...] á Akureyri á leið sinni úr skólanum, tekið barnið hálstaki og lyft því upp á hálsinum í hálstakinu og hótað því að drepa eða skaða barnið ef tveir gæslumenn sem fylgdu ákærða í gönguferðinni um [...] létu hann ekki í friði, en með þessu ógnaði hann barninu og hótaði því og sýndi því ruddalega og vanvirðandi háttsemi. Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar en til vara er þess krafist að ákærði sæti öryggisgæslu samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.
- Einkaréttarkrafa:
Í málinu gerir A, kt. [...] bótakröfu fyrir hönd sonar síns Y, kt. [...], [...] á Akureyri, að ákærði verði dæmdur til að greiða syni hennar skaðabætur að fjárhæð kr. 4.000.000, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31.08.2020, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi var birt sakborningi til greiðsludags. Þá er jafnframt krafist þóknunar vegna starfa lögmanns að mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.“
- Ákærði hefur fyrir dómi játað sök og viðurkennt bótaskyldu. Hann krefst sýknu á grundvelli ósakhæfis. Þá krefst hann þess að bætur verði lækkaðar. Loks krefst hann að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun.

- 4 Á grundvelli játningar ákærða var farið með málið samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og málið tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga auk þess sem réttargæslumanni brotþola og ákærða hafði verið gefinn kostur á að reifa sjónarmið tengd fyrirbyggjandi bótakröfu.
- 5 Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem ekki er ástæða til að draga í efa að sé sannleikanum samkvæm, og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem í ákæru er lýst og er þar rétt heimfærð til refsíákvæða.
- 6 Ákærði hefur krafist sýknu með vísan til ósakhæfis. Þann 24. nóvember 2015 var ákærði fundinn ósakhæfur og dæmdur til að sæta öryggisgæslu í máli sem varðaði brot hans gegn tveimur ungum drengjum er ákærði framdi 15 og 16 ára gamall. Var ákærði í öryggisgæslu er hann framdi brot það sem hann hefur játað í þessu máli.
- 7 Í málinu liggur fyrir skýrsla B geðlæknis um geðrannsókn á ákærða, dagsett 27. apríl 2021. Þar kemur fram í samantekt að ákærði sé 23 ára, greindur með miðlungs þroskahömlun, en greindarvísitala hans mælist 42. Þroskahömlun hans einkennist af skertum vitsmunafroska og skertri aðlögunarfærni. Er þroski ákærða metinn á við 6 – 9 ára barn. Þar að auki sé ákærði með verulega skerðingu atferlis, ADHD, mótþróaþrjóscuröskun og málhelti. Hann hafi átt við miklar hegðunartruflanir að stríða frá unga aldri og hafi verið vistaður af barnavernd 15 ára vegna þess hversu erfið og hættuleg hegðun hans hafi verið á heimili foreldra hans. Hann hafi langa sögu um að áreita börn og misnota þau kynferðislega [...] ákærði sé heltekinn af barnagirnd sem allt hans líf snúist um. Þessar hvatir stjórn ákærða og hegðun hans. Hann hafi engar hömlur og sé ekki fær um að stöðva eigin langanir eða hegðun. Hann viti að það sé rangt að misnota börn, en skilji ekki alvarleika málsins og eða tilfinningar annarra og stjórnist einungis af sínum eigin frumstæðu hvötum.
Í matsgerðinni er rakinn fjöldi atvika sem sýna svo ekki verður um villst að ákærði er með öllu ófær um að stjórna gerðum sínum. Kemur fram að ástand ákærða hafi versnað frá því D framkvæmdi geðrannsókn á honum 2015 í tengslum við framangreint dómsmál. Ákærði hafi sætt þungri lyfjameðferð til að reyna að bæta ástand hans, þ.m.t. draga úr kynhvöt, árásarhneigð og þráhyggju, en meðferðin hafi litlum árangri skilað. Sálfræðimeðferð hefur engum árangri skilað. Er það mat B að ákærði sé ófær um að stjórna gjörðum sínum og sé ekki sakhæfur. Þá sé hann stöðugt hættulegur og fullfær um að skaða barn alvarlega og jafnvel drepa það með beitingu kynferðisofbeldis. Telur B nánast öruggt að hann muni misnota börn ef hann fái tækifæri til þess. Hann verði að vera vistaður ótímabundið í öryggisgæslu [...].
- 8 Samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal þeim mönnum eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sínum. Það er mat dómara, eftir athugun á gögnum málsins og þá ekki síst framangreindri skýrslu B, að þetta eigi við um ákærða. Verður hann því sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins í þessu máli.

- 9 Eins og ástandi ákærða er háttað telur dómurinn óhjákvæmilegt að beita því úrræði sem heimilað er í 62. gr. almennra hegningarlaga, að mæla fyrir um vistun ákærða á viðeigandi hæli, enda þykir fullreynt að vægari úrræði komi ekki að notum.
- 10 Eins og getið var að framan hefur ákærði verið í öryggisúrræðum frá því hann var 15 ára, en hann hóf að brjóta kynferðislega gegn 5 – 7 ára börnum er hann var 11 ára. Þrátt fyrir gæsluna hefur ákærða tvisvar sinnum tekist að brjóta alvarlega af sér gagnvart börnum er hann hefur sloppið frá gæslumönnum. Í matsgerð B kemur fram að ákærði sé fær um að leggja á ráðin um að brjóta af sér gegn börnum og sæta færís ef það gefst. Fjöldi atvika sem sýna ofbeldishegðun ákærða er rakinn í matsgerðinni, m.a. hefur hann rifið upp salerni sem boltað var í vegg, rifið upp vask, brotið blöndunartæki af vöskum og sturtum, brotið rúður, veggi, hurðir, skápa, eldavélar, sjónvörp, leikjatölvur o.fl. Til viðbótar er þess getið að gríðarlegur fjöldi alvarlegra atvika hafi verið skráður á undanföllum árum vegna háttsemi ákærða í öryggisgæslunni. [...] Kynhvöt hans sé stjórnlaus [...] ef hann sjái mynd af börnum, heyrir í börnum eða viti af börnum í nágrenninu. [...] Ákærði [...] tali um að nauðga þeim og drepa. [...] Hann noti hvert tækifæri sem gefist til að reyna að kalla börn til sín. Ekki séu neinar ákveðnar kveikjur að ofbeldishegðun hans, en hún eigi sér þó frekar stað undir álagi. Ofbeldið hafi aukist með tímanum og nú sinni ákærða einungis karlkyns starfsmenn. Tveir starfsmenn gæti ákærða stöðugt, en stundum þurfi þrjá til fjóra til að yfirbuga ákærða, sem sé hávaxinn, þungur og hafi mikla líkamsburði. Ákærði sé hættulegur umhverfi sínu og sú hætta sé viðvarandi. Hann sé haldinn barnagirnd og muni án vafa beita börn kynferðisofbeldi fái hann tækifæri til. Nauðsynlegt sé að hann vistist til frambúðar í öryggisgæslu. Þá segir matsmaður í niðurstöðum sínum að styrkja þurfi úrræðið hvað varði mönnum og öryggi. Til að tryggja betur öryggi barna í nágrenni búsetukjarnans sé nauðsynlegt að flytja ákærða í búsetu fjær íbúðabyggð.
- 11 Í réttarframkvæmd hefur verið fylgt því viðmiði að þegar maður er dæmdur til að sæta öryggisgæslu vegna sakhæfisskorts sé fullnustuyfirvöldum falið að ákveða inntak öryggisgæslu fyrst um sinn, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 688/2014. Í sérstöku máli á hendur stjórnvöldum, sem höfða megi til lausnar úr öryggisgæslu eða breytingar á þeirri vistun og meðferð sem fullnustuyfirvöld hafi ákveðið að viðkomandi maður sæti, geti dómstólar tekið til athugunar nánari skilyrði gæslunnar svo að viðeigandi stjórnsýsluáðili og sá sem í hlut á viti sem gleggst hvaða skilyrðum hann þurfi að hlíta. Þrátt fyrir að mál þetta varði ekki kröfu ákærða um endurskoðun á þeirri öryggisgæslu sem hann nú sætir, heldur afbrot sem hann framdi á meðan hann sætti öryggisgæslu, þá liggur í eðli málsins að endurskoða þarf þá öryggisgæslu sem ákærði sætir nú þegar.
- Eins og rakið er í matsgerð og gögnum málsins hefur ákærði sætt eftirliti og meðferðarúrræðum af ýmsu tagi allt frá 11 ára aldri. Þrátt fyrir þunga lyfjameðferð [...] hefur ástand ákærða þvert á móti þróast til verri vegar. Starfsmenn sem sinna ákærða búa við stöðuga ógn af honum og ofbeldi af hans hálfu. Þá liggur fyrir að hann hefur enga stjórn á ásókn sinni í börn og er líklegur til voðaverka gagnvart þeim fái hann tækifæri til þess. Vitneskja ákærða um börn í nágrenni sínu kemur honum í uppnám og magnar upp ástand hans sem er illviðráðanlegt fyrir. Reynslan hefur sýnt að örðugt er að tryggja öryggi barna í umhverfi ákærða, jafnvel þó hann sæti sífældri gæslu starfsmanna. Verður að fallast á það með matsmanni að ákærði sé mjög hættulegur umhverfi sínu og

nauðsynlegt sé af réttaröryggisástæðum að herða það úrræði sem hann býr við og flytja hann í búsetu fjarri íbúabyggð. Slíka búsetu verður að binda því skilyrði að ákærði sæti stöðugri gæslu allan sólarhringinn, sé ætíð með gæslumanni utan dyra og komist hvorki í tæri við börn né minni máttar. Að öðrum kosti verður að vista ákærða á lokaðri réttargeðdeild eða í öðru sambærilegu úrræði.

- 12 Brotapoli krefur ákærða um greiðslu kr. 4.000.000, með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 31. ágúst 2020 til 8. desember 2021 er liðinn var mánuður frá því bótakrafan var birt ákærða, en dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Eins og áður greinir fellst ákærði á bótaskyldu en krefst lækkunar bótakröfu.
- 13 Af skýrslu sem brotapolí gaf í Barnahúsi tveimur vikum eftir árásina verður ráðið að hann varð mjög óttasleginn við árásina og taldi að þetta „væru bara endalokin mín.“ Lýsti drengurinn því að hann hafi verið hræddur eftir þetta um að ákærði myndi komast heim til hans og gera þetta aftur á meðan hann væri sofandi. Fram kom að hann hafi misst andann um stund er ákærði tók hann hálstaki, lyfti honum upp og herti að hálsinum. Vinkona ákærða og jafnaldri, E, gaf einnig skýrslu í Barnahúsi. Lýsti hún atvikum á sama veg um að hún hafi talið brotápola í lífshættu og ákærði hafi hótad að deyða hann ef gæslumennirnir kæmu nær. Ákærði sjálfur viðurkenndi að hafa hótad barninu lífláti. Samkvæmt áverkavottorði voru roðamerki á neðanverðum hálsi brotápola allan hringinn. Þreifieymsli voru merkjanleg, auk þess sem brotapolí var með höfuðverk. Að öðru leyti voru ekki sjáanlegir áverkar og virtist brotapolí í góðu andlegu jafnvægi að sögn vottorðsritara.
- 14 Í bótakröfu er því lýst að brotapolí hafi einangrad sig í kjölfar atburðarins, sé verulega óttasleginn og hræddur um að ákærði muni ráðast aftur á hann. Hann geti ekki lengur verið einn heima eftir skóla né leikið sér utan dyra við heimili sitt. Atvikið hafi sett mark sitt á öryggiskennd brotápola, hann eigi erfitt með svefn og reikna megi með að atvikið komi til með að hafa áhrif á andlega og líkamlega heilsu hans til frambúðar. Fram kemur að barnið hafi sótt viðtalsmeðferð hjá Barnavernd og barnasálfræðingi í kjölfar atviksins. Engra gagna nýtur hins vegar við í málinu um þetta, né heilsu brotápola og afleiðingar brotsins frá því áverkavottorð var gefið út. Verða miskabætur því dæmdar að álitum með hliðsjón af gögnum málsins. Fyrir liggur að brotapolí, sem var barn að aldri, sætti hættulegri árás af völdum ákærða og óttaðist með réttu um líf sitt er ákærði tók hann hálstaki, lyfti honum upp og herti að svo hann missti andann. Losnaði hann ekki úr höndum ákærða fyrr en tveir gæslumenn réðust á ákærða og yfirbuguðu hann með valdi. Er ljóst að atburðurinn olli brotápola þjáningum, ótta og óþægindum og hefur verið til þess fallinn að valda brotápola áfalli sem haft getur langvarandi afleiðingar, en brotapolí var einungis 8 ára að aldri er árásin átti sér stað. Á hann rétt á miskabótum sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 2.500.000 með hliðsjón af alvarleika málsins og réttarframkvæmd í sambærilegum málum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 201/2014. Krafan ber vexti eins og í dómsorði greinir.

15 Með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 skal allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða og réttargæslumanns brotþola að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari fór með málið af hálfu ákærvaldsins.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Ákærði, X, er sýkn af refsikröfu ákærvaldsins.

Ákærði sæti áfram öryggisgæslu á viðeigandi stofnun samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af réttaröryggisástæðum ber að herða það úrræði sem hann býr við og flytja hann í búsetu fjarri íbúabyggð. Búsetu ákærða utan lokaðrar réttargeðdeildar verður að binda því skilyrði að ákærði sæti stöðugri gæslu allan sólarhringinn, sé ætíð með gæslumanni utan dyra og komist hvorki í tæri við börn né minni máttar.

Ákærði greiði A, kt. [...], f.h. ófjárráða sonar hennar Y, kt. [...], kr. 2.500.000 með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 31. ágúst 2020 til 8. desember 2021, en dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Friðriks Smárásonar lögmanns, kr. 359.290, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, kr. 235.600.